

9. gr.

Breytingar og niðurlagning.

Skipulagsskrá þessari verður aðeins breytt með samþykki stjórnar, meirihluta stofnenda og með staðfestingu dómsmálaráðuneytisins.

Séu stofnaðilar sammála um að leggja sjóðinn niður skulu þeir leita staðfestingar dómsmálaráðherra á því.

10. gr.

Skráning sjóðsins.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 28. apríl 2004.

F. h. r.

Drífa Pálsdóttir.

Bryndís Helgadóttir.

11. maí 2004

Nr. 413

AUGLÝSING**um deiliskipulagsbreytingar á Akranesi.***Breyting á deiliskipulagi í klasa 1 og 2 í Flatahverfi.*

Á fundi bæjarstjórnar Akraness sem haldinn var þann 20. apríl 2004, var samþykkt breyting á deiliskipulagi í klasa 1 og 2 í Flatahverfi á Akranesi.

Breytingin varðar Brúarflöt 4 og felst í að fækka stigahúsum úr tveimur í eitt og fjölga íbúðum úr sex í sjö.

Breyting á deiliskipulagi í klasa 9 vegna Smáraflatar 11-15.

Á fundi bæjarstjórnar Akraness sem haldinn var þann 23. mars 2004, var samþykkt breyting á deiliskipulagi í klasa 9 vegna Smáraflatar 11-15.

Breytingin felst í að stækka byggingareiti við enda lóða númer 11 og 15 til að rúma sólstofur og færast því byggingarreitir um 3 metra að lóðamörkum. Fjarlægð frá miðju göngustígs við lóð númer 11 að byggingarreit verður 3,7 m.

Framangreindar deiliskipulagsbreytingar voru auglýstar skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingarnar taka þegar gildi.

Akranesi, 11. maí 2004.

Sviðsstjóri tækni- og umhverfissviðs Akraneskaupstaðar,

Þorvaldur Vestmann.